Fornleifakönnun vegna Kvíslatunguvegar í landi Geirmundarstaða í Strandabyggð



Adolf Friðriksson

Fornleifastofnun Íslands 2025

FS1063-25341

©Fornleifastofnun Íslands 2025

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Vefsíða: www.fornleif.is

Kápumynd: Geirmundarstaðir á Ströndum

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer MÍ: 202509-0024**. Þjóðminjasafnsnúmer:** 2025-60

Númer fornleifa úr skráningarskýrslum og tilvísun í skýrslurnar: túngarður 3432_029, bls. 39; “nátthagi” 3432_025, bls. 35

Tilvísun: Atli Rúnarsson, Fornleifaskráning. Viðbótar fornleifaskráning í landi Gilsstaða og Geirmundarstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 13-25, Bolungarvík 2025.

Stutt lýsing rannsóknar: Framkvæmdarannsókn og eftirlit vegna fyrirhugaðrar vegagarðar fyir Kvíslatunguveg í landi Geirmundarstaða í Strandabyggð.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn, könnunarskurðir og uppgröftur.

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Engar minjar komu í ljós í könnunarskurðum nr 1-13. Þverskurður var grafinn í garðlag 029, sem og 025. Samkvæmt samkomulagi við verktaka var ekki fyllt í skurðina á ný enda munu þessir staðir hverfa við vegagerð.

Staðsetning: Geirmundarstaðir í Strandabyggð

GPS hnit: ISN93: 373100A, 591165N.

Rannsóknartími: Vettvangsvinna stóð yfir frá 7. - 13. september 2025.

Leyfishafi: Adolf Friðriksson. **Fjöldi starfsmanna:** 3



Kortið sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins (Myndkort: Loftmyndir ehf)

Útdráttur

Fyrirhugað er að leggja veg að nýrri virkjun (Kvíslatunguvirkjun) í Selárdal í Strandabyggð. Liggur vegurinn m.a. um tún í landi Geirmundarstaða. Samkvæmt úrskurði Minjastofnunar bar framkvæmdaaðilum að gera fornleifaathuganir í fyrirhuguðu vegarstæði og var Fornleifastofnun Íslands fengin til verksins. Undirbúningur hófst í lok ágúst 2025, unnið var á vettvangi í fyrri hluta septembermánaðar og úrvinnslu lauk í lok september.

Við athuganir á vettvangi kom í ljós að fyrirliggjandi fornleifaskráning byggðist að nokkru á misvísandi upplýsingum sem hafði áhrif á úrskurð um mótvægisaðgerðir. Þessi atriði voru leiðrétt og nú liggur fyrir að gerðir hafa verið könnunarskurðir í vegarstæði og rannsökuð þversnið í garðlög á svæðinu. Að auki bættust við 2 áður óskráðir minjastaðir en könnun með grefti leiddi í ljós að spor um þá eru horfin. Garðlögin eru frá fyrri hluta 20. aldar.

Efnisorð: Geirmundarstaðir, Strandabyggð, Kvíslatunguvirkjun, fornleifarannsókn

Abstract

Due to plans for a road construction (Kvíslatunguvegur) near the farm of Geirmundarstaðir in Strandabyggð, the government agency Minjastofnun Íslands, requested an archaeological survey and trenching. The fieldwork was prepared in August 2025, and carried out in September. The trenching did not reveal any archaeological remains. Test trenches were also made into two structures, as requested by Minjastofnun. These structrures are dated to the first half of the 20 th century.

Keywords: Geirmundarstaðir, Strandabyggð, Kvíslatunguvirkjun, excavation

Efni

Inngangur 5

Fyrri athuganir 5

Vettvangsathuganir í september 2025 6

- Leiðréttingar og viðbætur við fornleifaskrá 6
- Uppgröftur 9
  - Mannvirki 025 9
  - Túngarður 029 12
  - Ferhyrnt gerði 14
  - Hringlaga gerði 15
  - Könnunarskurðir í vegarstæði 16

Niðurstöður 18

Heimildir 18

Inngangur

Fyrirhugað er að leggja veg að nýrri virkjun í Selárdal í Strandabyggð. Liggur vegurinn m.a. um tún í landi Geirmundarstaða. Samkvæmt úrskurði Minjastofnunar bar framkvæmdaaðilum að gera fornleifaathuganir í fyrirhuguðu vegarstæði og var Fornleifastofnun Íslands fengin til verksins. Undirbúningur hófst í lok ágúst 2025, unnið var á vettvangi í fyrri hluta septembermánaðar og úrvinnslu lauk í lok september.

Við rannsóknina naut undirritaður aðstoðar Brynjars Þorbjörnssonar og annara starfsmanna Keyrt og mokað ehf, sem og svæðisstjóra Orkubús Vestfjarða og er þessum aðilum þökkuð aðstoðin. Eins ber að þakka ábúendum á Geirmundarstöðum, Hirti Þ. Þórssyni og Hildi Pálsdóttur margháttaða aðstoð vegna sögu staðarins og staðhátta.


Fyrri athuganir

Aðalskráning fornleifa hefur farið fram á hluta Strandabyggðar, en ekki á Geirmundarstöðum eða öðrum jörðum þar sem tilheyrðu gamla Hrófbergshreppi. Vorið 2025, í tilefni af fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum, annaðist Náttúrustofa Vestfjarða fornleifaskráningu á þeim hluta jarðarinnar, þar sem líklegt var talið að framkvæmdir hefðu áhrif á minjar. Er þar einkum um að ræða veg sem verður lagður þvert yfir land Geirmundarstaða og í námunda við bæinn.

Niðurstaða skráningar varð sú að vegarstæðið næði yfir túngarð (029) um 100 m NV frá bænum, og annað garðlag (svonefndan nátthaga (025)) 300 m VNV frá bæ. Samkvæmt úrskurði Minjastofnunar Íslands (23.6.2025 og 20.8.2025) bar að rannsaka fyrirhugað vegarstæði með könnunarskurðum (um 200 m), grafa þversnið í túngarð (029) en leitast við að hlífa garðlagi nr 025.

Vettvangsathuganir í september 2025

Áformað er að leggja veg um tún Geirmundarstaða. Túnin liggja frá árbökkum Selár og upp á rótum Staðarfjalls. Samkvæmt fyrirliggjandi hönnunaruppdráttum mun vegurinn liggja neðan við bæ, rjúfa þar túngarð 029 á einum stað og garðlag 025 (nefnt nátthagi í fornleifaskrá) norðaustan við bæinn.



Mynd 1. Uppdráttur af afstöðu minja og vegarstæðis (Verkís 22286-004.C71.B01-1 (ID 470699))

Vettvangsathugunum var skipt í fjóra þætti: a) endurskoðun fyrirliggjandi fornleifaskráningar á framkvæmdasvæði, b) uppmæling og þversnið í garðlag 025, c) þversnið í túngarð, d) könnunarskurði í vegarstæði og e) könnunarskurði í mannvirki. Verður nú nánar greint frá hverjum þessara þátta.

Leiðréttingar og viðbætur við fornleifaskrá

Til grundvallar rannsókninni var úrskurður Minjastofnunar, og byggðist hann á fornleifarskráningu frá vori 2025. Við undirbúning vettvangsathugana sem þessi skýrsla fjallar um voru helstu heimildir um sögu jarðarinnar athugaðar og tekin viðtöl við staðkunnuga. Í ljós komu nokkur atriði sem leiðrétt verða hér með:

Nátthagi

Staður nr 025, við Sandhóla, sem skráður var sem nátthagi er ekki sá nátthagi sem nefndur er í örnefnaskrá Sigurðar Gunnlaugssonar fv. bónda á Geirnumdarstöðum (skráð 1929). Nátthaginn í skrá Sigurðar er 250 m sunnar og nær fjallinu og því langt utan áhrifasvæðis fyrirhugaðra framkvæmda. Í örnefnaskrá er ekki nefndur nátthagi eða annað samsvarandi mannvirki á svæðinu þar sem 025 er. Gefur það vísbendingu um að þar hafi engin tún eða mannvirki verið komið 1929. Sömu sögu er að segja um eldri gögn, þ.e. uppdrátt af túnum og húsum á Geirmundarstöðum frá 1917. Á túnakortinu yfir bæinn frá 1917 eru nákvæmar mælingar af stærð túna og kálgarðs, auk staðsetningar garðlaga og mannvirkja og flatarmál þeirra. Þar er nátthaginn ekki, sem er önnur, sterk vísbending um að þetta svæði hafi verið ræktað eftir 1917, jafnvel eftir 1929 (sbr. örnefnaskrá). . Virðist ljóst að 025 er tún sem Sigurður Gunnlaugsson hefur ræktað á þriðja eða fjórða áratug síðustu aldar. Sigurður var mikill túnræktarkappi og eftir hann liggja margir kílómetrar af garðlögum. Hlaut hann sérstök verðlaun frá Kristjáni IX konungi fyrir jarðabætur sínar[1].



Mynd 2. Túnakort af Geirmundarstöðum 1917. Gamla bæjarstæðið er lengst til vinstri. Lengst til hægri eru 2 staðir, hringlaga gerði og ferhyrnd girðing.

[1] Minningarorð: Guðbjörg Ásgeirsdóttir og Sigurður Gunnlaugsson frá Geirmundarstöðum. Tíminn, 19.tbl., 26.1.1960.

Ferhyrnt gerði

Á túnakorti 1917 er ferhyrnt gerði sem ekki kemur fram í fornleifaskrá. Gamla heimatúnið er við bæinn og upp á fremur háum bakka, en yngri tún hafa verið ræktuð á flatlendinu neðan við bakkana og niður að Selá. Er líklegt að gerðið marki upphaf að tilraunum til túnræktar á flötunum niður við ána. Er reiturinn um 20 m á hvorn veg, og um 300 m austan við gamla bæjarastæðið, en í jaðri fyrirhugaðs vegarstæðis.


Hringlaga gerði

Á túnakorti 1917 er hringlaga gerði sem ekki kemur fram í fornleifaskrá. Eins og lýst er að ofan er gamla heimatúnið er við bæinn og upp á fremur háum bakka, en yngri tún hafa verið ræktuð á flatlendinu neðan við bakkana og niður að Selá. Er líklegt að bæði þessi gerði marki upphaf að tilraunum til túnræktar á flötunum niður við ána. Er reiturinn um 35 m í þvermál og um 35 m norðar en ferhyrnda gerði. Þessi staður er jafnframt í jaðri fyrirhugaðs vegarstæðis.

Var þessum stöðum bætt við fornleifakönnunina á vegarstæðinu.

Um túngarð 029


Í úrskurði Minjastofnunar er gerð krafa um að grafa þversnið í túngarð 029, sem og könnunarskurði í vegarstæðinu. Þversnið mun geta veitt upplýsingar um gerð og mögulega aldur mannvirkisins, en algengt er að gerðir séu könnunarskurði í túni, enda mjög víða fornleifar í túnum, einkum þó nálægt bæjarhólum. Í fornleifaskrá er merktur rústahóll (nr. 3432-31) sem kallaður er Lambhúshóll og gætu mannvirki hafa staðið þar á hólnum (sjá mynd 3). Í úrskurði er þessi hóll talinn vera bæjarhóllinn, en hann liggur um 200 m ofar og nær fjallsrótum. Hefur þessi misskilningur valdið því að gerð var krafa um rækilega könnun vegarstæðis svo nærri meintum bæjarhól.



Mynd 3. Uppdráttur af vegarstæði, nærliggjandi minjar merktar með rauðu (Verkís 22286-004.C71.C01-A (ID 470580)).

Uppgröftur

Svæðið var rannsakað með uppgrefti á fimm stöðum og verður nú lýst afrakstri hans á hverjum stað fyrir sig.



Mynd 4. Garðlög, könnunarskurðir og þversnið frá hausti 2025.

Mannvirki 025

Svo sem áður greinir er ferhyrnt garðlag sem liggur við sandhóla, um 300 m VNV við bæinn. Liggur þetta mannvirki langsum eftir veginum að Gilsstöðum. Ráðgert er að vegur verði lagður yir norðurhorn þessa garðs. Um aldur og heimildir garðlagsins var fjallað hér að ofan. Garðlagið liggur utan um tún sem er nánast ferhyrnt eða trapisulaga og snýr frá NV til SA. Er það um 135 m langt og 50 m breitt. Garðlagið er að mestu heillegt, veggir nær þráðbeinir og rísa um 60 sm upp úr umhverfinu. Á stöku stað hefur verið hlaðið grjóti í skörð í veggnum. Í austurhorni garðsins er um 4 m langt skarð eða hlið í garðinn. Grafið var þversnið í þann enda austurveggjar sem nær að opinu.




Mynd 5. Fyrir miðri mynd er mannvirki 025, þ.e. tún og garðlög við Sandhóla og meðfram veginum að Gilsstöðum.



Mynd 6. Mannvirki 025 (nátthagi) er sýnt með grænum línum. Snið var grafið í austurenda.

Skurðurinn lá þvert á vegginn, þ.e. frá NV til SA. Hann var 5 m langur og 1 m breiður og náði útfyrir garðinn beggja vegna. Teiknað var snið suðurbrúnar.




Mynd 7. Þversnið suðurbrúnar á skurði í vegg mannvirkis 025.

Efst í skurðinum var um 20 cm þykkt grasrótarlag [101]. Beint undir því var dökkbrúnt moldarlag, mjög einsleitt. Er ljóst að kjarni garðlagsins er ekki torf heldur uppmokstur af moldinni í kring. Varla var sjónarmunur á garðlaginu [102] eða jarðveginum undir því sem og beggja vegna [103]. Undir dökku moldinni tók við ljósari mold með fíngerðri möld [104]. Er hún óhreyfð og undir henni kom í ljós annað óhreyft lag [105] með leir og grófri möl.
Engir forngripir komu í ljós við uppgröftinn og sem fyrr segir er garðurinn gerður úr mold en ekki torfi og eða grjóthleðslu.



Mynd 8. Þversnið suðurbrúnar á skurði í vegg mannvirkis 025.

Túngarður 029



Mynd 9. Afstöðumyndin sýnir staðsetningu þversniðs í túngarð 029.

Um túnin á Geirmundarstöðum liggja ævintýralega langir túngarðar sem enn eru að mestu sýnilegir. Lætur nærri að þeir séu um 2 km að lengd. Á flatanum niðurundan bænum er horn á garðinum og verður vegurinn lagður þar í gegn. Í NV horni garðlagsins er op eða hlið. Grafinn var þverskurður í norðurenda garðsins sem myndar vesturbrún túnsins. Var hann 7 m langur, 1 m breiður og sneri því sem næst A-V. Teiknað var snið sem sýnir 2,5m af suðurhlið skurðar, en hann náði yfir garðlagið og út fyrir garðinnn beggja vegna.




Mynd 10. Þversnið, suðurbrún skurðar í túngarð 029.

Efst í skurðinum var um 15-20 cm þykkt grasrótarlag [101]. Undir því var dökkbrúnt moldarlag, mjög einsleitt. Garðlagið [102] er gert úr þessari sömu mold og ekki sýnilegur munur á jarðveginum í því eða moldinni beggja vegna við [103]. Er ljóst að kjarni garðlagsins er ekki torf heldur uppmokstur af moldinni í kring. Undir dökku moldinni tók við svipuð en ögn ljósari mold [104], um 25-30 sm þykk. Liggur hún á óhreyfðu lagi af gráleitum leir [105], sem aftur sat á malarlagi, þar sem í var lítið af stóru grjóti en dálítið sendið og vottaði fyrir járnútfellingu í yfirborði lagsins.
Engir forngripir komu í ljós við uppgröftinn og sem fyrr segir er garðurinn gerður úr mold en ekki torfi og eða grjóthleðslu. Er hann hann væntanlega verk Sigurðar Gunnarssonar á öndverðri 20. öld.



Mynd 11. Þversnið suðurbrúnar á skurði í túngarð.



Mynd 12. Afstöðumyndin sýnir legu tveggja mannvirkja utan (austan) túns, sbr túnakort frá 1917, og prufuskurði í þá staði ásamt skurðum í vegarstæði.

Ferhyrnt gerði

Samkvæmt túnakorti frá 1917, var ferhyrnd girðing niður á flatanaum fyrir neðan bæjarhúsin. Lendir þessi staður í jaðri fyrirhugaðs vegarstæðis. Engar aðrar upplýsingar lágu fyrir um mannvirkið eða afdrif þess. Var því tekinn könnunarskuður á staðnum. Í ljós kom þunnt grasrótarlag, um 20sm að dýpt og beint undir því fremur fíngerð og þétt möl. Engar vísbendingar fundust um mannvirkið sem þar stóð 1917 og hafa leifar þess væntanlega horfið við túnrækt síðar á 20. öld.



Mynd 13. Könnunarskurður vegna ferhyrnds gerðis nærri vegarstæði. Horft er til suðurs.

Hringlaga gerði

Samkvæmt túnakorti frá 1917, var kringlótt girðing niður á flatanaum fyrir neðan bæjarhúsin, um 35 m norðar en áðurnefnt ferhyrnt gerði. Lendir þessi staður nærri jaðri fyrirhugaðs vegarstæðis. Engar aðrar upplýsingar lágu fyrir um mannvirkið eða afdrif þess. Var því tekinn könnunarskuður á staðnum. Í ljós kom þunnt grasrótarlag, um 25sm að dýpt og beint undir því fremur fíngerð og þétt möl. Engar vísbendingar fundust um mannvirkið sem þar stóð 1917 og hafa leifar þess væntanlega horfið við túnrækt síðar á 20. öld.



Mynd 14. Könnunarskurður vegna hringlaga gerðis nærri vegarstæði. Horft er til suðausturs.

Könnunarskurðir í vegarstæði

Grafnir voru 10 könnunarskurðir í vegarstæði Kvíslatunguvegar þar sem hann verður lagður á flötunum neðan við Geirmundarstaði. Fyrsti skurðurinn var grafinn syðst, þar sem fyrirhugað er að nýr vegur fari af núverandi vegarstæði og inn á ræktað land. Skurðir voru grafnir með jöfnu millibili eftir miðri veglínu, með stefnu til norðurs og síðan að vesturenda túns.



Syðsti skurðurinn (skurður 1) var 30 m langur og 1 m breiður, með stefnu til NNV. Hann varð 1 m djúpur. Efst í skurðinum er um 20 sm grasrót og undir henni tekur við 40 sm þykkt mólag. Undir mónum er 5 sm þykkt lag, krökkt af greinum og bolum úr birki, þ.e. hið svokalla birkilag, sem er frá forsögulegum tíma. Undir birkilaginu var enn lítilsháttar mór og þar undir blágrár, samfelldur leir, 10-20 sm þykkur. Undir leirnun var gróf möl með stórum steinum. Ljóst er að þessi jarðlög hafa hlaðist upp af náttúrulegum völdum og ekkert rask eða mannvistarlög voru sýnileg. Talsverður vatnsagi er á staðnum og fylltist skurðurinn jafnóðum af vatni.

Mynd 15. Syðsti könnunarskurðurinn. Horft til suðausturs.



Mynd 16. Birkilag í skurði.



Mynd 17. Fyrirhugað vegarstæði, horft til suðausturs. Á myndinni sjást skurðir 3-6.

Næsti skurður var grafinn 40 m norðar. Var hann 17 m langur og 1 m breiður og stefndi Skurðir 2 til 10 voru grafnir eftir veglínunni og stefndi u.þ.b. N-S. Syðst reyndist jarðvegur vera 70 sm djúpur. Efst var grasrótarlag um 20 sm, og þá tók við mór um 40 sm og loks leir og sandur með járnútfellingu. Suðurendinn er á mjög blautu svæði og rétt austan við frárennslisskurð. Norðurendi skurðar varð hinsvegar mjög grunnur, eða 30 sm af grasrótarlagi og lá það beintt ofan á fremur fíngerðri möl og sandi, sem væntanlega er árframburður.

Auk þessara tveggja skurða voru grafnir 8 aðrir könnunarskurðir í túnið. Skurður 3 var 5 metrum norðar en skurður 2 og þegar grafið var niður úr grasrótarlagi (30 sm) var strax komið niður á möl og sand líkt og í norðurenda skurðar 2. Sömu sögu var að segja um skurði 4 til 10 (sbr. myndir 12 og 17). Í öllum tilfellum var einungis um einsleita gróðurmold og grasrótarlag að ræða, og örgrunnt niður á möl og sand (25 til 35 sm).

Niðurstöður

Gerð var athugun á heimildum um fornleifar í og við fyrirhugað vegarstæði Kvíslatunguvegar í landi Geirmundarstaða. Sú athugun leiddi í ljós 2 áður óskráða staði nærri vegarstæðinu sem og nánari upplýsingar um þegar skráða staði. Fyrir lá úrskurður Minjastofnunar um mótvægisaðgerðir vegna vegaframkvæmda. Á meðan á vettvangsathugunum stóð var komið ábendingum og tillögum til stofnunarinnar um minniháttar breytingar og veitti stofnunin góðfúslegt leyfi til að breyta rannsóknaráætlun.
Grafin voru þversnið í garðlög 025 og 029. Í ljós kom að garðlögin eru ekki hlaðin úr grjóti eða torfi, heldur úr mold. Var bygging garðlaganna keimlík og þau eflaust hlaðin af sömu höndum, á svipuðum tíma, eða í kringum 1920-30. Grafnir voru könnunarskurðir í ferhyrnt gerði og hringlaga gerði niður á flötinni nærri veglínunni. Engin ummerki komu fram um að þar hafi staðið mannvirki. Loks voru enn grafnir 10 könnunarskurðir í sjálfu vegarstæðinu en þar komu heldur engar minjar fram.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Loftmynd: 20. júlí 1959 nr. 2885. VM 403 AST - 3 13/OPMG USAF 55AM3 R, Landmælingar Íslands

Túnakort Geirmundarstaða (1917). Þjóðskjalasafn Íslands

Úrskurðir vegna framkvæmda við Kvíslatunguveg, Minjastofnun Ísl., 23. júní 2025 MÍ202505-0133/ 6.10; 20. ágúst 2025, MÍ202505-0133/ 6.10.

Örnefnaskrá Geirmundarstaða (1929). Örnefnasafn, Árnastofnun.

Prentaðar heimildir:

Atli Rúnarsson, Fornleifaskráning. Viðbótar fornleifaskráning í landi Gilsstaða og Geirmundarstaða vegna fyrirhugaðrar Kvíslatunguvirkjunar. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 13-25, Bolungarvík 2025.

Minningarorð: Guðbjörg Ásgeirsdóttir og Sigurður Gunnlaugsson frá Geirmundarstöðum. *Tíminn*, 19.tbl., 26.1.1960.